

Sp.

73. Tillaga til þingsályktunar

um stofnun og starfrækslu sérstaks félagsmálaráðuneytis.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og setja á stofn sérstakt, aðgreint félagsmálaráðuneyti með eigin skrifstofustjóra og nægilegu starfsliði. Ráðuneyti þetta hafi með höndum alþýðutryggingar, þar með taldar atvinnuleysistryggingar; vinnumiðlun, sáttumleitanir í vinnudeilum og félagsdóm, vinnuvernd, þar með talið eftirlit með verksmiðjum og vélum, orlof og ákvæði um vinnutíma; almenn framfærslumál, þar með talin vinnuheimili, elliheimili og aðrar framfærslustofnanir; sérstök framfærslumál, svo sem umönnum fávita, heyrnar- og málleysingja og blindra; barnavernd, þar undir talin uppeldisheimili og barnahæli; sveitarstjórnar- og bæjarmálefni og eftirlit þeirra, atvinnubætur, þar með taldar ráðstafarir vegna atvinnulausra ungmenna; húsnæðismál (verkamannabústaðir, byggingarfélög, húsnæðislöggjöf), mál varðandi alþjóðasamstarf í félagsmálefnum (Alþjóðlega vinnumálaskrifstofan) og skýrslusöfnun og fulltrúavað í því sambandi og loks öll heilbrigðismál.

G r e i n a r g e r ð .

Árið 1939 var í fyrsta sinn hér á landi að formi til stofnað til félagsmálaráðuneytis. Ungerð þessa ráðuneytis var þó harla óákveðin, málefnaskipting milli þess og annarra ráðuneyta nokkuð óskýr og að sumu leyti óeðlileg. Ráðuneyti þetta hafði heldur ekki sérstakan skrifstofustjóra og starfslið, heldur var það sameiginlegt með öðrum ráðuneytum og þá sérstaklega atvinnumálaráðuneytinu, enda hafði það ráðuneyti með höndum alveg skýr félagsmálefni, svo sem félagsdóm og vinnudeilulöggjöf. Átti hin óglögga og óeðlilega skipting milli félagsmála- og atvinnumálaráðuneytis meðal annars rætur sínar að rekja til ógreinilegs og lítið athugaðs úrskurðar um verkaskiptingu þeirra ráðherra, er tóku við stjórn 18. apríl 1939.

Hin óglögga og óformlega skipting félagsmálanna hefur síðan viðgengizt innan ráðuneytanna. Þó að félagsmálaráðuneyti væri að nafninu til starfandi, hefur það til þessa ekki haft sérstakan skrifstofustjóra né starfslið, og sést það bezt á 10. gr., 2. lið a—e, í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, sem nú liggur fyrir Alþingi, þar sem ráðuneytin með sérstöku starfsliði eru talin fimm (atvinnumála-, dómsmála-, fjármála-, utanríkis- og viðskiptamálaráðuneyti).

Um langt árabíl hafa víða um lönd og þó einkum á Norðurlöndum starfað sérstök félagsmálaráðuneyti, og hafa þau ráðuneyti verið ört vaxandi með aukinni félagsmálalöggjöf og félagsmálaumbótum. Hér á landi hafa félagsmálefni tekið miklum framförum og þroska, einkum síðustu tvo áratugina. Félagsmálefni hafa því orðið margbreyttari og viðameiri í stjórnkerfi ríkisins, eftir því sem stundir hafa liðið fram. Og nú er orðið svo hér á landi, eins og í raun og veru um heim allan, að mikið er rætt, ritað og bollalagt um aukið félagslegt öryggi eftir stríðið. Starfa nú ýmsar nefndir og einstakir menn í samræmi við ályktanir Alþingis og stjórnarframkvæmdir að rannsókn ýmissa atriða, er þessi mál snerta. Sést þetta vel á nýútkomnu riti, er félagsmálaráðuneytið hefur gefið út og nefnt er „Félagslegt öryggi eftir stríðið“. Er þar getið nefnda þeirra, er starfa að ýmsum málefnum, sem beint og óbeint snerta félagsmálefni, og má hiklaust gera ráð fyrir, að tillögur ýmissa þessara nefnda hafi í för með sér viðtækara starfssvið fyrir æðstu stjórn félagsmálefna hér á landi, auk þess sem mönnum þeim, er vinna að þessum undirbúningsstörfum, væri mjög hallkvæmt að geta snúið sér til ákveðins ráðuneytis til leiðbeiningar og aðstoðar.

Þegar svo er komið, eins og lauslega hefur verið lýst hér á undan, að æðsta stjórn félagsmálefna er skipulagslítill og glundroðakennd samtímis því, sem fé-

lagsmálefnið verða margþættari og úrlausn þeirra vandasamari og meir aðkallandi en nokkru sinni fyrr, sýnist næsta eðlilegt eða jafnvel aðkallandi að koma á fastri skipan hinnar æðstu stjórnar félagsmálefna hér á landi. Virðist því eðlilegast að hverfa að því ráði, sem víða erlendis hefur fyrir löngu þótt nauðsynlegt, að stofna sérstakt og vel aðgreint félagsmálaráðuneyti með föstu, nauðsynlegu starfsliði.

Í tillögu þeirri, sem hér er fram borin, eru helztu þættir félagsmálefna upp taldir og tilraun gerð til að afmarka þá málaflokka, sem bæði fræðilega eru taldir til félagsmálefna og eru yfirleitt faldir forsjá félagsmálaráðuneyta, þar sem þau eru starfrækt erlendis. En í þengri merkingu félagsmálefna mætti bæði sleppa bæjarmálefnum og heilbrigðismálum. En báðir þessir málaflokkar eru svo nátengdir félagsmálefnum í viðtækari merkingu þeirra, að eðlilegast sýndist að láta þá falla undir félagsmálaráðuneyti, enda var svo gert í upphafi, er hin fyrsta óformlega og ófullkomna tilraun var gerð hér á landi til starfrækslu félagsmálaráðuneytis.

Að sjálfsgöðu segir ekkert um það í tillögu þessari, að ráðherra sá, er á hverjum tíma á að veita ráðuneyti þessu forstöðu, skuli ekki hafa aðra málaflokka undir sinni stjórn, og eins væri það hugsanlegt, að annar ráðherra hefði stjórn heilbrigðis- og jafnvel bæjarmálefna heldur en sá, er færri með félagsmálefni í þengri merkingu þeirra. En það er aðalatriðið, að sérstök stjórnarskrifstofa með föstu og hæfu starfsliði hafi málefni þessi með höndum.

Nokkru nánari grein og skýringar verða gerðar í framsögu um mál þetta.